

Deiliskipulag lðnaðarsvæðis í Eldfellshrauni

NORÐURHLUTI

Kynning á vinnslustigi sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

DRÖG 20. október 2026

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deilikipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Vestmanneyjabæjar þann _____.

_____

f.h. Vestmannaeyjabæjar

A1129-013-U01

1 Inngangur

Deiliskipulag þetta nær yfir nyðri hluta iðnaðarsvæðis í Eldfellshrauni. Þarna var sem áður svæði hraunhitaveitunnar. Hér er um að ræða deiliskipulag fyrri áfanga uppbyggingar á svæðinu, þar sem koma á fyrir stöð fyrir efnisvinnslu annars vegar og steypustöð hins vegar.

Tilgangur deiliskipulagsins er að skilgreina land og lóðir fyrir efnisvinnslu og geymslu jarðefna sem ætluð eru til endurnýtingar. Markmiðið er að starfsemin uppfylli sérstaklega þarfir til atvinnuuppbyggingar og mannvirkjagerðar í bænum.

Landið sem deiliskipulag þetta nær yfir, hefur þegar verið lækkað frá því sem upphaflega var, skv. stefnu í aðalskipulagi. Til að stuðla að aðlaðandi ásýnd er gert ráð fyrir uppsetningu á jarðvegsmönum í kringum iðnaðarstarfsemina til að byrgja sýn frá nálægum svæðum og minnka hljóðmengun. Þá eru settir skýrir skilmálar t.a.m. um umgengni, frágang, hámarkshæðir mannvirkja, lýsingu ofl.

Deiliskipulagið ber nafnið Deiliskipulag Iðnaðarsvæðis í Eldfellshrauni - norðurhluti, og er sett fram á uppdrætti (A2) og í þessari greinargerð.

1.1 Afmörkun

Deiliskipulagssvæðið, sem er staðsett í Eldfellshrauni á Heimaey í Vestmanneyjabæ, er um 6,4 ha að stærð og má sjá afmörkun þess með appelsínugulri brotalínu á korti hér til hliðar. Það nær yfir norðurhluta iðnaðarsvæðis I-4 í Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar sem er grátt á kortinu.



Mynd 1.1: Deiliskipulagssvæðið hefur verið afmarkað með appelsínugulum strikalínum. Gráa línan sýnir afmörkun iðnaðarsvæðisins í Eldfellshrauni í heild.

2 Forsendur

2.1 Staðhættir

Iðnaðarsvæðið er í Eldfellshrauni á svæði hraunhitaveitunnar sem var aflögð árið 1988. Hraunhitaveitan nýtti varma úr nýlegu hrauni frá Heimaeyjargosinu til að hita upp vatn fyrir bæjarbúa í hitaveitu sem var í lokuðu hringrásarkerfi. Stórfelldar framkvæmdir hófust vegna hitaveitunnar árið 1977 en rekstur hitaveitunnar var alltaf erfiður. Reglulega varð að virkja ný svæði sem olli því að sífellt stærra svæði var tekið undir veituna. Yfirborði svæðisins hefur því öllu verið raskað. Á síðustu árum hefur svæðið einnig verið notað sem geymslusvæði fyrir jarðefni.

Aðkoma að fyrirhuguðu iðnaðarsvæði er á austurhluta þess, um aðkomuveg frá Eldfellsvegi, sem liggur einnig inn að Viðlagafjöru. Vestan við svæðið er vegslóði sem liggur að útivistarsvæði við Eldfell. Svæðið er nokkuð opið fyrir vindi og á það sérlega við um ríkjandi vindáttir frá austri.

Undir deiliskipulagssvæðinu, er þykkt lag af lausum jarðefnum, almennt um 6- 7 m að þykkt, sem liggur ofan á hraunlögum sem runnu úr Eldfelli. Jarðefnin eru blanda af molnum hraunkarga, gosmöl og vikri. Þessi jarðefni hafa verið numin af svæðinu í seinni tíð, með það að markmiði að lækka svæðið, svo það verði skjólsælla. Samhliða er einnig dregið úr neikvæðri ásýnd að iðnaðarsvæðinu, þar sem það verður minna sýnilegt frá nálægum útivistarsvæðum. Markmiðið er einnig að nýta þessi jarðefni sem best, þar sem laus jarðefni eru af skornum skammti á Heimaey.

2.2 Landslag og náttúrufar

Eins og áður sagði þá er skipulagssvæðið á lausum jarðlögum og hrauni sem rann á Heimaey árið 1973 þegar eyjan stækkaði og Eldfell reis. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem teljast sérstakar og yfirborðið aðallega vikur, laus gosmöl, og eða kargamulningur. Þar sem svæðið var nýtt fyrir hraunaveitu, hefur yfirborði þess öllu verið raskað fyrir utan stöku hraunhóla á norðurmörkum svæðisins.

Samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast svæðið sem eyðihraunavist. Slík svæði eru yfirleitt lítt gróin gropin hraun frá nútíma, fátæk af plöntum og jarðvegur er grunnur. Vegna lítils gróðurs er strjált og fábreytt fuglalíf. Verndargildi er metið lágt en vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Engin áform eru um að vernda vistgerðina á staðnum.

2.3 Minjar

Engar fornminjar eru þekktar á skipulagssvæðinu enda hraunið nýtt land. Þarna eru hins vegar minjar um hraunhitaveituna en þær einkennast helst af rörum og leyfum af steyptum mannvirkjum frá tíma hitaveitunnar. Engin markverð mannvirki eru á svæðinu.



Mynd 2.1: Ljósmynd af hluta svæðisins þar sem ummerki eftir hraunhitaveituna eru greinileg.

2.4 Lagnir

Á norðurhluta svæðisins er gert ráð fyrir spennistöð og 33 kV rafmagnsstrengir hafa verið lagðir í tengslum við fiskeldi í Viðlagafjöru.


3 Tengsl við aðrar áætlanir

3.1 Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035

Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem iðnaðarsvæði I-4 skv. breytingu staðfestri þann 29. apríl 2026. með eftirfarandi skilmálum:

> *Nýtt iðnaðarsvæði þar sem áður var veitustarfsemi. Á fullbyggðu svæðinu er gert ráð fyrir um 50.000 m² í atvinnuhúsnæði á einni hæð. Til að draga úr áhrifum vegna ásýndar verður landið mótað og það lækkað í áföngum, áður en uppbygging hefst. Mögulegt efnisnám getur verið á milli 400.000 – 800.000 m³. Notast skal við blágrænar ofanvatnslausnir. Möguleiki á fiskeldi.*

Áður var svæðið skilgreint sem athafnasvæði AT-2 þar sem einnig var gert ráð fyrir efnistöku og að landið yrði lækkað.



Mynd 3.1: Hluti Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035, m.s.br.

Við gerð núgildandi aðalskipulags Vestmannaeyja, sem var staðfest árið 2018, var farið yfir verndargildi nýja hraunsins og þau svæði sem þóttu sérstæð hlutu hverfisvernd. Á mynd 3.1. er hverfisvernd sýnd með svartri rúðustrikun. Ekki þótti ástæða til að hverfisvernda svæði hraunhitaveitunnar enda hefur yfirborðið þar að mestu verið jafnað. Hverfisvernd var hins vegar sett á Þorbjörn (HV-6) sem er rétt austan við iðnaðarsvæðið sem og á hraunsvæði næst Eldfelli (HV-9), sem er vestan við I-4. Þar er að finna sérstæðar jarðmyndanir.

Svæðið telst innan þéttbýlismarka Vestmannaeyjabæjar samkvæmt aðalskipulagi.

3.2 Landsskipulagsstefna

Eftirfarandi markmið og áherslur fyrir skipulag þéttbýlis í Landsskipulagsstefnu 2024–2038 tengjast deiliskipulaginu með beinum hætti:

Markmið um vernd umhverfis og náttúru:

> A.1 Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi.

Markmið um velsæld samfélags :

> B.1 Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma.
>
> B.9 Skipulag leggi áherslu á að lágmarka kolefnisspor húsnæðisuppbyggingar og mannvirkjagerðar með betri endingu og bættri efnisnotkun.

Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf:

> C.6 Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.
>
> C.7 Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

3.3 Náttúruvernd

Nútímahraun njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og því ber að forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Helgafell, Eldfell og hluti nýja hraunsins er á c-hluta Náttúruminjaskrár (nr. 723) en fyrirhugað deiliskipulag er ekki innan þess svæðis. Hverfisvernd nær ekki til fyrirhugaðs deiliskipulagssvæðis.

Við gerð deiliskipulagsins var tekið mið af nálægum verndarsvæðum með það að markmiði að forðast neikvæð áhrif á þau.

3.4 Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir

Austan við deiliskipulagssvæðið er Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Viðlagafjöru, með breytingu samþykktri 01.07.2026. Þar er landeldi á fiski sem stækkaði að umfangi með breytingunni en um leið var afmörkun þessa deiliskipulagssvæðis minnkuð til vesturs.

Norðvestan megin við deiliskipulagssvæðið er Deiliskipulag Eldfells, samþykkt 14.05.2025. Þar er verið að byggja upp listaverk sem er minnisvarði um goslok 3. júlí 1973, sem innifelur einnig gönguleiðir upp á Eldfell og að útsýnisstöðum.

Í þessu nýja deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið er afar mikilvægt að taka mið af minnisvarðanum og umhverfi hans og að tryggja að starfsemi á því hafi ekki neikvæð áhrif á upplifun gesta á og í næsta nágrenni við Eldfell. Það hefur verið gert m.a. með því að setja skilmála um manir til byrgja sýn, góða umgengni og með ríkri áherslu á snyrtilegan frágang til þess að tryggja að ásýnd að iðnaðarsvæðinu sé eins góð og kostur er.



Mynd 3.2: Afmörkun deiliskipulagssvæðis þessa auk Deiliskipulags iðnaðarsvæðis við Viðlagafjöru til austurs og Deiliskipulag Eldfells til vestur

4 Skilmálar

4.1 Uppdrættir og mæliblöð

Nýjar byggingar, viðbyggingar og aðrar framkvæmdir innan lóða skipulagssvæðisins skulu vera í samræmi við skipulagsskilmála þessa, gildandi byggingarreglugerð, hæðar- og mæliblöð og aðrar reglugerðir og staðla sem lúta að byggingarmálum almennt.

Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir mannvirkjum, bílastæðum, geymslusvæðum og steyptu yfirborði. Einnig helstu atriðum sem hafa áhrif á ásýnd byggingar og lóðar, s.s. girðingum, stoðveggjum, sorpgeymslum, hæðarlegu, landmótun, efnisnotkun, í samræmi við eftirfarandi skilmála.

4.2 Starfsemi

Á iðnaðarsvæðinu er annars vegar gert ráð fyrir svæði til efnisvinnslu og hins vegar steypustöð.

Á efnisvinnslusvæðinu verða staðsett þau tæki til efnisframleiðslu sem starfsemin kallar á, á hverjum tíma. Það geta verið efnisvinnslutæki s.s. brjótasamstæður, mötunarsíló eða önnur síló, conbrjót, forbrjót, hjólaskófla, beltavél og malarhörpur auk ýmissra mannvirkja s.s undirstöður, plön og stoðveggir. Þar verða einnig efnishaugar, þar sem vinnsluefni er haugsett tímabundið, flokkað eftir eiginleikum efnisins. Ný tækni og vinnsluaðferðir hafa áhrif á það hvaða tæki eru nýtt á hverjum tíma og er upptalningin hér því ekki tæmandi um þau efnisvinnslutæki sem geta verið staðsett innan lóðar.

Efnisvinnslusvæði er merkt inn á deiliskipulagsuppdrætti sem er starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Steypustöðvar eru einnig skráningarskyldar skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur, skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4.3 Aðkoma og vegir

Aðkoma að svæðinu er frá Birgisbraut í austri. Aðkoma inn á lóðir skal tilgreind á aðaluppdráttum. Til austurs er svæðið afmarkað með mön og engin aðkoma að svæðinu. Ekki er heimilt að keyra inn á lóð á mörgum stöðum eða löngum köflum á lóðamörkum. Aðkoma inn á lóð skal vera skilmerkilega auðkennd og afmörkuð.

4.4 Haugsetning efnis

Haugsvæði eru svæði þar sem vinnsluefni er haugsett tímabundið, auk efnis sem nýta á til frágangs á svæðinu. Vestmanneyjabær er að innleiða hringrás fyrir byggingarefni og banna urðun á mold þannig að efnið getur orðið nokkuð mikið. Gert er ráð fyrir að jarðefni verði lagerað í hrúgur og komið fyrir í afmörkuðum bilum. Bilin verði afmörkuð með veggjum úr steyptum kubbum. Leitast skal við að lágmarka fok á efni í vondu veðri. Ætla þarf nægilega stórt svæði til aksturs vinnuvéla þannig að ekki þurfi að aka yfir haugsett efni.

4.5 Ökutæki

Bílastæði skulu afmörkuð innan lóðar í samræmi við aðaluppdrætti. Afmarka skal sérstök svæði fyrir stærri tæki s.s. gröfur, vörubíla eða lyftara, og skulu tæki ætíð geymd innan þessara svæða.

4.6 Landmótun

Svæðið hefur verið lækkað um 3-5 m niður í um 65 m y.s. til að minnka sýnileika þess frá veginum og nálægum útivistarsvæðum og auka skjól á svæðinu. Einnig er svæðið að mestu afmarkað með mönum. Tryggja skal góðan frágang á lóðamörkum og háir steyptir veggir eru bannaðir.

Huga þarf að vatnshalla innan lóða af ógegndræpum flötum á lóðablöðum m.t.t. rennslisleiða ofanvatns, sjá nánar kafla um ofanvatn.

4.7 Manir

Móta skal land í jaðri iðnaðarsvæðisins til að skerma starfsemina með jarðvegsmönum sem sýndar eru á skipulagsuppdrætti, til að draga úr

áhrifum á ásýnd, mögulegri rykmengun eða fokhættu, ljósmengun og hávaða. Meðfram vesturhluta svæðisins skal vera mön til að byrgja sýn frá ferðamanna- og útivistarsvæðum, s.s. gosminnisvarða og gönguleiðum við Eldfell. Einnig skal vera mön meðfram norðvesturhluta og austurhluta sem byrgir sýn frá aðkomuleið úr austri.

Staðsetning mana á uppdrætti er leiðbeinandi og leitast skal við að laga þær að landslaginu. Gengið skal snyrtilega frá mönum og binda þær til að tryggja að efni úr þeim fjúki ekki burt í vonskuveðri.

4.8 Ásýnd svæðis og umgengni

Fyrir auglýsingu deiliskipulagsins skv. 41. gr. skipulagslaga, verða gerðar ásýndarmyndir út frá nýjum loftmyndum og hæðargögnum sem sýna ásýnd að svæðinu.

Gerð er rík krafa um góða umgengni á svæðinu, jafnt innan sem utan lóða. Sveitarfélaginu er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að halda svæðinu snyrtilegu, s.s. fjarlægja rusl eða efni sem talið vera í reiðileysi, á kostnað lóðarhafa eða ábyrgðaraðila.

Leitast skal við að lágmarka sýnileika í öllu efnisvali og byrgja áberandi búnað eins og kostur er á t.d. með yfirbyggingum. Byggingar og önnur mannvirki skulu vera lituð í litum sem falla inn í umhverfið og með möttu yfirborði.

4.9 Úrgangur

Úrgangi skal komið fyrir í snyrtilegum og vel skipulögðum sorpílátum eða sorpgerðum. Úrgang skal flokka í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni. Skilgreina og afmarka svæði fyrir sorpílát á aðaluppdrætti.

4.10 Mengunarvarnir

Tryggja skal viðeigandi mengunarvarnir í samræmi við lög og reglugerðir. Við hönnun bygginga og lóða skal gera ráð fyrir mengunarvörnum s.s. olíu-, sand- og fituskiljum, loftræsingu og öðrum mengunarvörnum í samræmi við þá starfsemi sem fyrirhuguð er eða vænta má að verði í byggingum og á lóð.

Þar sem gert er ráð fyrir útigeymslusvæði fyrir tæki og búnað sem mengun getur stafað frá, skal svæði vera ógegndræpt og frárennsli af því svæði fara um olíu- og sandskilju.

4.11 Skilti og merkingar

Áberandi skilti eru óheimil á svæðinu og skulu allar merkingar vera látlausar og mega ekki ná upp fyrir vegghæð bygginga. Ljósaskilti eru bönnuð.

4.12 Lýsing

Allri lýsingu skal beint niður og/eða hún afskermuð til þess að forðast ljósmengun á iðnaðarsvæðinu og á aðliggjandi útivistarsvæðum. Lýsing skal vera glýjulaus. Flóðlýsing er bönnuð utan vinnutíma og utan starfstíma skal lýsingu haldið í algjöru lágmarki.

Ljósamöstur séu ekki hærri en 6 metrar.

4.13 Veitur

Á norðurhluta svæðisins er gert ráð fyrir lóð fyrir nýja spennistöð. Háspennulagnir HS Veitna koma fram á deiliskipulagsuppdrætti.

Gert er ráð fyrir að vatn og rafmagn tengist dreifikerfi HS Veitna. Huga skal að orkuskiptum við skipulag innviða eins og við á s.s. með hleðslustöðvum fyrir ökutæki og búnað.

Fráveita frá byggingum er leidd í rotþró og er leiðbeinandi staðsetning sýnd á deiliskipulagsuppdrætti. Gera skal grein fyrir útfærslu og staðsetningu hreinsivirkja á aðaluppdráttum.

4.14 Ofanvatn

Ofanvatn á svæðinu skal leyst með blágrænum ofanvatnslausnum. Þar sem svæðið stendur á blöndu af lausum jarðefnum, sem liggja á Eldfellshrauninu, ætti það að vera mjög vel gegndrænt. Almennt ætti að leitast við að leiða ofanvatn niður í jarðveg sem næst þeim stað sem það

fellur með gegndræpum yfirborðsefnum, ef mikil mengun er ekki til staðar. Gert er ráð fyrir að meginhluti svæðisins verði gegndræpur og lítið af þéttum flötum. Bæjarfélagið hefur reynslu af lekt svæðisins og telur að þar sé næg lekt til að takast á við ofanvatn með gegndræpum yfirborðsefnum jafnvel í miklum úrkomuatburðum.

Þó þarf einnig að taka tillit til vatnshalla á lóðum og afrennslis til að tryggja frárennsli ofanvatns í 100 ára veðuratburðum. Þar sem svæðið er í lægð án skýrrar afrennslisleiðar frá því þá þarf að huga að halla á landi við yfirborðshönnun, þannig að afrennslisvatn af þökum og ógegndræpum flötum safnist ekki saman þar sem það getur valdið skemmdum á innviðum. Því þarf að haga hönnun og landmótun á deiliskipulagssvæðinu þannig að ofanvatn renni af vinnslusvæðum inn að svæði sem skilgreind verða sem möguleg söfnunarsvæði, og/eða afrennslissvæði fyrir ofanvatn í ofsarigningu eða asahláku, miðað við 100 ára regnatburði. Taka þarf tillit til ísigs á svæðinu, við útreikninga á mögulegu magni ofanvatns, sem leiða þarf af svæðinu.

4.15 Lóðir og byggingarreitir

Hér eru skilgreindar stærðir lóða og byggingarreita, hámarkshæðir og byggingarmagn. Stærðir geta breyst lítillega við útgáfu mæliblaða.

Heimilt er að byggja eftirfarandi mannvirki utan byggingarreits en innan lóðar á lóð 1 og 2:

- Skýli yfir efnisvinnslutæki
- Skýli fyrir t.a.m. stjórntæki vinnsluvéla og aðfangastýringu

Lóð 1 Steypustöð

Stærð lóðar	5.145 m^2
Stærð byggingarreits	716 m^2
Hámarks byggingarmagn innan byggingarreits	260 m^2
Hámarks byggingarmagn skýla utan byggingarreits	400 m^2
Mesta hæð bygginga innan byggingarreits	12 m
Mesta hæð síló	15,5 m
Mesta hæð efnishauga	12 m
Mesta hæð skýla, geymslu og tækja	8 m

Lóð 2 Efnisvinnsla


Stærð lóðar	36.958 m^2
Hámarks byggingarmagn þjónustuhúss	100 m^2
Hámarks byggingarmagn skýla	500 m^2
Mesta hæð bygginga innan byggingarreits	8 m
Mesta hæð efnishauga	12 m
Mesta hæð skýla, geymslu og tækja	8 m

Lóð 3 Spennistöð

Stærð lóðar	60 m^2
Stærð byggingarreits	28 m^2
Hámarks byggingarmagn innan byggingarreits	28 m^2
Mesta hæð byggingar	4 m

Deiliskipulag Iðnaðarsvæðis í Eldfellshrauni - norðurhluti

Deiliskipulagsuppdráttur



Deiliskipulagsuppdráttur 1:1500

Skýringar
- Deiliskipulagsmörk
- Lóðir
- Byggingarreitir
- Vegir
- Hæðalínur
- I-3 afmörkun
- Háspennulagnir HS Veitur
- Manir



Hluti Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035, m.s.br.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann _____ _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ _____.

_____
f.h. Vestmannaeyjabæjar

Kynning á vinnslustigi sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Dags.:	Mælikvarði:	Teikn.nr.:
7/20/2026	1:1500 @ A2	1/1
Teiknað/Yfirfarið:		Útgáfunr.:
HÁ		A1129-025-U01

www.alta.is

Mynd 4.1: Deiliskipulagsuppdráttur, í sér skjali (A2)

5. Málsmeðferð

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Sameiginleg skipulagslýsing fyrir deiliskipulag og aðalskipulagsbreytingu á iðnarnarsvæði I-4 í Eldfellshrauni var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn Vestmannaeyja 25. janúar 2024, sjá.

Skipulagslýsingin var kynnt 5.-26. febrúar sama ár. Umsagnir um lýsingu bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun, Veðurstofu Íslands og HS Veitum. Tekið hefur verið tillit til umsagnanna við gerð þessarar tillögu.

Tillaga að deiliskipulagi er nú kynnt á vinnslustigi sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan verður aðgengileg á skipulagsgátt, vef sveitarfélagsins og til sýnis í Safnahúsinu ásamt því að vera send lögbundnum umsagnaraðilum sem eru eftirfarandi:

- Hafrannsóknastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- HS Veitur
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúruverndarstofnun
- Samgöngustofa
- Skipulagsstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin

Athugasemdir og ábendingar skulu berast í skipulagsgátt. Athugasemdir og ábendingar sem kunna að berast á kynningartíma verða hafðar til hliðsjónar við mótun endanlegrar tillögu en þeim verður ekki svarað efnislega. Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður tillagan fullunninn og auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsingatími verður að lágmarki 6 vikur.



Mynd 5.1: Horft yfir hluta iðnaðarsvæðisins í átt að þéttbýlinu til norðvesturs.

6. Umhverfismat

Tillaga að deiliskipulagi fellur ekki undir lög nr. 11/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í samræmi við 12 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er hér gerð grein fyrir áhrifum skipulagstillögunnar á umhverfið.

Umhverfisáhrif eru metin ýmist jákvæð, neikvæð, hvorki jákvæð né neikvæð eða óviss. Þá er metið hvort áhrifin séu veruleg eða óveruleg. Hvort áhrif eru metin veruleg eða óveruleg getur farið eftir því hvort þau eru staðbundin eða óstaðbundin, afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg.

Ásýnd, landslag og náttúruvernd

Mat: Neikvæð, **en óveruleg** áhrif með mótvægisaðgerðum.

Rökstuðningur: Efnisvinnslusvæðið er staðsett í nálægð við svæði á náttúruminjaskrá, gosminjar og vinsæla útivistar- og ferðamannastaði. Rask vegna efnistöku, tækjabúnaðar og efnisstafla auk mannvirkja í hrauninu getur haft neikvæð áhrif á ásýnd og upplifun af svæðinu. Áhrifin eru hins vegar metin óveruleg þar sem svæðið er nú þegar raskað og hefur verið lækkað í samræmi við ákvörðun í aðalskipulagi. Með tilkomu svæðisins er einnig verið að fækka steypustöðvum á öðrum stöðum í Vestmannaeyjum, sem hefur mjög jákvæð áhrif á ásýnd fyrir þau svæði, s.s. við Spönguna. Þá gerir deiliskipulagið ráð fyrir mótun jarðvegsmana og góðan umhverfisfrágang til að lágmarka sjónræn áhrif frá nálægum útsýnis- og ferðamannastöðum.

Samfélagsáhrif

Mat: Jákvæð og veruleg áhrif með mótvægisaðgerðum.

Rökstuðningur: Skipulagstillagan hefur verulega jákvæð samfélagsáhrif þar sem hún tryggir nauðsynlega innviði fyrir atvinnuuppbyggingu og mannvirkjagerð í Vestmannaeyjum, í samræmi við meginmarkmið Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015–2035. Þó er hætta á að starfsemin geti dregið úr ánægju ferðamanna á nærliggjandi svæðum sem er mikilvæg atvinnugrein í Vestmannaeyjum. Með því að setja skýra skilmála um góða umgengni, ásýnd, hljóðvist, ljósvist og afmörkun starfsemi er dregið úr neikvæðum áhrifum á ferðaþjónustu svo þau verða óveruleg og eins staðbundin og unnt er.

Loftslagsáhrif

Mat: Jákvæð og veruleg, óstaðbundin áhrif.

Rökstuðningur: Eitt af meginmarkmiðum skipulagsins er að staðsetja efnisvinnslu og geymslu jarðefna á hagkvæmum stað fyrir uppbyggingu í Vestmannaeyjum. Með tilkomu svæðisins er verið að setja tengda starfsemi á sama stað, fækka efnisvinnslusvæðum í bænum og draga úr óþarfa akstri á milli staða. Styttri akstursvegalengdir vörubíla og þungra ökutækja draga varanlega úr eldsneytisnotkun og útblæstri gróðurhúsa-lofttegunda við flutning á efni. Þetta hefur því óstaðbundin og varanleg jákvæð áhrif á kolefnisspor mannvirkjagerðar í bæjarfélaginu.

Auðlindanýting og hringrásarhagkerfi

Mat: Jákvæð, veruleg áhrif.

Rökstuðningur: Með því að skilgreina land og lóðir sérstaklega fyrir móttöku, flokkun og geymslu á jarðefnum sem ætluð eru til endur-nýtingar er lögð rík áhersla á hringrásarhagkerfið og nýsköpun í afleiddri starfsemi. Á svæðinu verður m.a. safnað saman steypubrotum og þau brotin niður sem dregur í sig CO^2 með steypukolun. Þetta dregur úr sóun og minnkar þörf á nýrri efnistöku úr ósnertri náttúru. Áhrifin eru varanleg og styðja beint við stefnu aðalskipulags um hagkvæma nýtingu auðlinda.

Hljóð- og ljósmengun

Mat: **Neikvæð, en óveruleg** áhrif með mótvægisaðgerðum.

Rökstuðningur: Starfsemi við efnisvinnslu, svo sem mulningur og akstur vinnuvéla, veldur hljóðmengun á meðan vinnslu stendur. Manir, sem

skilmálar eru settir um, í kringum svæðið munu draga úr hljóðmengun til nærliggjandi svæða. Hvað varðar ljósmengun eru settir skilmálar um að lýsingu sé beint niður á við og að hún sé glýjulaus, til að forðast ljósmengun til nærliggjandi útivistarsvæða. Einnig kemur fram í skilmálum að utan starfstíma skuli lýsingu haldið í algjöru lágmarki. Áhrifin eru því tímabundin, staðbundin og metin óveruleg.

Grunnvatn, jarðvegur og mengun

Mat: **Neikvæð, en óveruleg** áhrif með mótvægisaðgerðum.

Rökstuðningur: Starfsemi vinnuvéla og flutningatækja felur í sér hættu á leka á olíu eða öðrum spilliefnum sem geta haft neikvæð áhrif á jarðveg og grunnvatn. Í skilmálum deiliskipulagsins kemur fram að tryggja eigi mengunarvarnir í samræmi við lög og reglugerðir og að gera eigi ráð fyrir mengunarvörnum í samræmi við starfsemi. Með réttum búnaði og frágangi fráveitu eru möguleg áhrif metin staðbundin og óveruleg.

Hringrás vatns verður að mestu viðhaldið á svæðinu með því að veita ofanvatni niður í jörðina sem næst þeim stað sem það fellur í blágrænum ofanvatnslausnum.

Niðurstaða mats:

Deiliskipulagstillagan hefur í heildina jákvæð og veruleg umhverfis- og samfélagsáhrif án þess að raska ósnertri náttúru. Þar sem svæðið er nú þegar raskað og fest í sessi sem efnisvinnslusvæði í gildandi aðalskipulagi, felst breytingin fyrst og fremst í því að setja skýran skipulagsramma og skilmála um nýtingu, umgengni og frágang.